

**3393. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
28. nóvember 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Steinar Dagur Adolfsson svíðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019

319. mál til umsagnar - frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
320. mál til umsagnar - frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir (hækkan tekju- og eignamarka leigjenda, sérstakt byggðaframlag, veðsetningu).
266. mál til umsagnar - frumvarp til laga um lyfjalög (lausasölulyf).
189. mál um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Lagt fram.

Bæjarstjóra falið að koma á framfæri umsögn um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í takt við umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. 1911170 - Greining - áhrif nýrra mannvirkja á rekstur

Greining fjármáladeildar um áhrif fjárfestinga á rekstur Akraneskaupstaðar er varðar uppbyggingu nýrra mannvirkja.

Þorgeir Jónsson fjármálastjóri og Kristjana Ólafsdóttir verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið kl 8:15.

Lagt fram.

Bæjarráð þakkar Þorgeiri og Kristjónu fyrir þeirra vinnu við mat á áhrifum fjárfestinga á rekstur Akraneskaupstaðar.

3. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023

Vinna milli umræðna um fjárhagsáætlun og fjárfesting- og framkvæmdaáætlun 2020-2023.

Þorgeir og Kristjana sitja áfram á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir breytingar sem hafa átt sér stað á milli umræðna hvað varðar fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2020. Bæjarráð samþykkir einnig aukningu í framkvæmda- og fjárfestingaáætlun um 100 m.kr. í nýframkvæmdum gatna á árinu 2020, um 6,5 m.kr. í söluvef lóða á árinu 2020 og um 500 m.kr. í uppbyggingu Jaðarsbakka á árunum 2022 og 2023.

Bókun RÓ:

ELA
SFS

Á bæjarstjórnarfundi Akraneskaupstaðar þann 12. okt. s.l. bókuðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins eftirfarandi:

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð milli umræðna og sérstaklega verði skoðað hvernig flýta má uppbyggingu á Jaðarsbökkum sem bæði þjónar starfsemi Grundaskóla, íþróttafélogunum sem og öllum almenningi.“

Að lokum leggur Sjálfstæðisflokkurinn til að auknir fjármunir verði settir í nýframkvæmdir gatna í Skógarhverfi fyrir seinni umræðu fjárhagsáætlunar 2020. Að öðrum kosti mun skortur verða á framboði nýrra einbýlis-, par- og raðhúsalóðum á Akranesi árið 2020. Slík staða er ekki ásættanleg fyrir bæjarfélag í sókn sem Akraneskaupstaður á að vera.“

Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins fagnar því að bæjarráð gangi að ofangreindum hugmyndum og samþykki aukið fjármagn í nýframkvæmdir í gatnagerð um 100 mkr. sem og að koma uppbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum aftur inn í briggja ára áætlun Akraneskaupstaðar.

Rakel Óskarsdóttir (Sign)

4. 1911054 - Leikskóli hönnun

Skóla- og frístundaráð vísar kynningu á drögum að útboðsgönum vegna fyrsta hönnunar á leikskóla í Skógarhverfi til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi útboðsgögn vegna hönnunar leikskóla í Skógarhverfi og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra skipulag- og umhverfissvið að fylgja málinu eftir.

5. 1906161 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar

Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaður er lögð fram til umsagnar og samþykktar. Önnur fagráð munu jafnframt gera sílt hið sama og verður endanlega afgreiðsla áætlunar lögð fyrir bæjarstjórn þann 10. desember næstkomandi.

Jafnréttisstofa hefur samþykkt áætlunina sjálfa sem og einnig framkvæmdaáætlun hennar.

Bæjarráð samþykkir Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness að fengum staðfestingu annarra fagráða.

6. 1711092 - Frístundamiðstöð við Garðavöll - samkomulag um uppbyggingu

Samantekt á lokauppgjöri framkvæmdakostnaðar vegna uppbyggingar á frístundamiðstöðvar við Leyni.

Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis og Hörður Kári Jóhannesson stjórnarmaður í stjórn Leynis taka sæti á fundinum undir þessum lið kl. 10.

Bæjarráð þakkar Guðmundi og Herði fyrir komuna og fyrir greinargóða lokaskýrslu á framkvæmdum frístundamiðstöðvar við Leyni.

Bæjarráð vill nota tækifærið og þakka Guðmundi fyrir hlutverk sitt í uppbyggingu frístundamiðstöðvarinnar og fyrir farsælt samstarf í gegnum árin. Bæjarráð óskar honum alls hins besta á nýjum vettvangi.

7. 1908323 - Nafngift á fristundamiðstöðinni við Garðavöll

Tillaga um nafngift á fristundamiðstöðinni við Garðavöll en tilkynna á um nýtt nafn þann í byrjun desember þegar stjórnarskipti verða hjá Leyni.

Guðmundur situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir nýtt nafn fyrir fristundamiðstöðina og verður nafnið formlega tilkynnt á aðalfundi Leynis þann 3. desember næstkomandi.

8. 1911124 - Verðmat Mannvirkja

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að hafin verði vinna við undirbúning á sölu á eftirfarandi fasteignum: Faxabraut 10, Merkigerði 7, Merkigerði 12, Suðurgata 57 og Suðurgata 108.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.

9. 1905413 - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar - málefni

Kostnaðarmat við aðgerðaráætlun er tengist brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Sameiginlegur kynningarfundur bæjarstjórnar Akraness og sveitastjórnar Hvalfjarðarsveitar verður haldinn þann 4. desember 2019 þar sem umrædd áætlun verður til kynningar.

Bæjarráð vísar málinu á dagskrá næsta fundar bæjarráðs þann 5. desember næstkomandi.

10. 1911048 - Opið bókhald Akraneskaupstaðar

Minniblað verkefnastjóra og persónuverndarfulltrúa um ráðstafanir sem gerðar hafa verið í tengslum við opið bókhald Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir að bókhald Akraneskaupstaðar verði opnað á ný fyrir almenning í gegnum lausn Power BI og verður til birtingar á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Stefnt verði að opnun bókhaldsins í ársbyrjun 2020. Jafnframt samþykkir bæjarráð fyrirliggjandi verklagsreglur um Opið bókhald og framkvæmd prófanalýsinga.

11. 1612106 - Guðlaug, heit laug - starfsleyfi o.fl.

Kynning um næstu skref Guðlaugar við Langasand.

Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja tekur sæti á fundinum undir þessum lið kl. 11.

*Bæjarráð pakkar Ágústu og Sædísi fyrir góða yfirferð.
Málið verður lagt fyrir á ný á næsta fundi bæjarráðs þann 5. desember nk.*

12. 1905069 - Keilufélag Akraness - fyrirspurn um framkvæmdir

Málefni Keilufélagsins.

Lagt fram.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir aukafund í bæjarráði mánudaginn 2. desember næstkomandi.

13. 1911003 - OR - eigendaneftnd 2019

Fundarboð á eigendafund Orkuveitu Reykjavíkur þann 16. desember næstkomandi.

Bæjarráð samþykkir að Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri sæki fundinn fyrir hönd Akraneskaupstaðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Éisa Lára Anna Óttir.

Valgaður ~~S. Þóðóð~~

Hreynur Scamundsson

Rukel Oskarsdóttir

~~Sam Freyr~~ tólfirði

Sorðis Alexa Sigurmundsdóttir.